



Júní 2023

á íslensku

Taktu við gjöfunum!

Þetta hef ég talað til yðar, til þess að fögnuður minn sé í yður.

(Jh 15,11)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Kæru vinir go4peace,

Taktu við gjöfunum! – Lífið veitir okkur oft óvænta og djúpa gleði sem við áttum ekki von á. Fyrir skömmu skiptu hversdagslegar athafnir þínar öllu máli og allt í einu umvefur lífið þig og augu þín beinast annað vegna einhvers atburðar. Skyndilega tekur þú eftir því að hjarta þitt er fullt af gleði. Á slíkum stundum býður lífið okkur að geyma þessa gleði djúpt innra með okkur og láta hana fylla hjörtu okkar. Vegna þess að við vorum sköpuð til að vera hamingjusöm. Þetta var líka mikilvægt fyrir Jesú. Hann hafði kennt vinum sínum að elska einlæglega, með kærleika sem gengur í gegnum eld fyrir aðra, og bætir svo við: „Þetta hef ég talað til yðar, til þess að fögnuður inn sé í yður“ (Jh 15:11).

Þau höfðu í áratugi boðið upp á vörur sínar á markaðstorgi í borginni okkar og höfðu alltaf ferðast langt að til þess, einfalt eldra fólk sem var opið fyrir lífinu. Nú höfðu þau haldið upp á járnbrúðkaup sitt. Daginn eftir veisluna komu þau í kirkjuna okkar í messu áður en þau tóku lestina aftur leiðina löngu heim. Það var sunnudagur Krists konungs. Ég hafði prédikað um konungdóm kærleika Jesú, sem á krossinum – þyrnum krýndur – sýnir okkur að raunverulegur kærleikur nær „allt til enda“. „Þið hafið getað sýnt hvort öðru þessa ást í 65 ár!“ sagði ég í lok prédikunarinnar og beindi orðum mínum til afmælisbarnanna. Þau voru sýnilega ánægð. Gamla konan ljómaði, horfði á mig og sagði: „Ég samdi lag fyrir manninn minn og ég säng það fyrir hann í gær í guðsþjónustunni!“ Ég spurði þegar í stað hvort hún vildi ekki gera það aftur. Hún stóð upp – 91 árs að aldri, stóð fyrir framan eiginmann sinn og säng sinn persónulega þakkarsöng utanað – án hljóðnema. Eiginmaður hennar, 93 ára, sat hæstánægður á bekknum og fékk ítrekað koss frá eiginkonu sinni á kollinn meðan á söngnum stóð. – **Taktu við gjöfunum!**

fyrir go4peace liðið

Meinolf Wacker